

Svör við spurningum sem hafa borist á lodir@reykjavik.is vegna lóðaútbóðs í Úlfarsárdal í ágúst 2019.

-

Spurning:

Ég átta mig ekki alveg á því hvort ég á að sækja um byggingarétt fyrir bæði eða annað húsið. Tveir einstaklingar vilja byggja parhús, þó á annar aðilinn hús nr. 10 og hinn nr. 12. Hvernig berum við okkur að? Sækir annar aðilinn um byggingarétt fyrir bæði húsin eða sækjum við bæði um byggingarétt að sama reit og tilgreinum hvort við viljum byggja hús nr. 10 eða 12?

Svar:

Þið fyllið út eitt tilboðsblað fyrir Urðarbrunn 10-12 og þeir sem standa að tilboðinu skrifa allir undir það. Lóðinni er úthlutað til þeirra sem skrifa undir tilboðsblaðið.

-

Spurning:

Eftir hverju farið þið þegar þið rukkið gatnagerðagjöld?
Stærð lóðar, Hámarksstærð húss eða fyrirliggjandi teikningum á hús?

Svar:

Rukkað er fyrir hámarks byggingarmagn.